

## Barnakórastarf í Akureyrarkirkju

Skólaárið 2010-2011 verður kórastarf í Akureyrarkirkju á fimmtudögum kl. 16:00-17:00 fyrir 10-12 ára krakka (5. – 7. bekkur). Æft verður í kapellu kirkjunnar og stjórnandi verður Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

Í kórnum verður sungin fjölbreytt tónlist, bæði einradda og fjölradda. Áhersla verður lögð á raddbeitingu, raddheilbrigði, líkamsbeitingu, hlustun og framkomu. Félagsstarf innan kórsins byggt upp og stefna sett á æfingabúðir. Kórinn syngur við ýmis tækifæri innan kirkjunnar, einnig í menningarhúsinu Hofi og mun vetrarstarfinu ljúka með tónleikum á kirkjulistaviku í vor.

Fyrsta æfingin verður fimmtudaginn 9. september. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 462-7700, einnig er hægt að senda póst á netfangið [sigrun@akirkja.is](mailto:sigrun@akirkja.is).

---

### Skráning í eldri barnakór Akureyrarkirkju

\_\_\_\_\_

nafn

\_\_\_\_\_

heimili

\_\_\_\_\_

sími

\_\_\_\_\_

bekkur

\_\_\_\_\_

skóli

\_\_\_\_\_

nafn forráðamanns

\_\_\_\_\_

netfang

\_\_\_\_\_

Athugasemdir